

Vegna umræðu um vopnaburð ungmenna í íslensku samfélagi - Concerns about young people carrying of weapons in Icelandic Society

Kæru foreldrar/forsjáradilar (see English below)

Áhyggjur af auknum vopnaburði og ofbeldi meðal barna og ungmenna hafa farið vaxandi og hafa alvarleg atvik undanfarið ýtt undir þann ótta. Við þessu er mikilvægt að bregðast.

Menntaskólinn við Hamrahlíð áréttar að vopnaburður á almannaþæri er lögum samkvæmt bannaður. Ef nemandi verður uppvís að því að bera vopn verður málið undantekningalaust tilkynnt til lögreglu, og eftir atvikum til barnaverndarþjónustu ef um barn er að ræða, og haft verður samband við foreldra. Ofbeldismál sem upp koma innan skólans eða viðburðum í hans nafni verða sett í viðeigandi ferli og unnin eftir viðbragðsáætlun þar um sem finna má á heimasíðu skólans, ásamt skólareglum, sem við hvetjum foreldra og nemendur til að kynna sér.

Ákveðnir þættir eru verndandi gegn áhættuhegðun barna svo sem samvera foreldra og barna, að útivistartími sé virtur, fylgst sé með netnotkun þeirra, að börnum sé sýnd umhyggja og þeim séu sett skýr mörk og að foreldrar þekki vini barna sinna og foreldra þeirra. Jafnframt felst mikið forvarnargildi í þátttöku barna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur í foreldrastarfi.

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í að bregðast við þessari þróun og geri allt sem í sínu valdi stendur til að koma í veg fyrir ofbeldi og vopnaburð. Menntaskólinn við Hamrahlíð hvetur foreldra til að ræða við börnin sín um hvernig við sköpum í sameiningu öruggara samfélags, þ. á m. um að það sé ólöglegt að ganga um með vopn, hverjar afleiðingar ofbeldis geta verið og kynna fyrir þeim hvert þau geta leitað að stuðningi.

Þá er vakin athygli á því að nemendur og foreldrar geta leitað stuðnings og ráðgjafar innan skólans svo sem hjá náms- og starfsráðgjöfum, skólasálfræðingii, skólahjúkrunarfræðingi, jafnréttis- og samskiptaráðgjafa, stjórnendum, tengiliði á grundvelli farsældarlaga eða náms- og starfsráðgjafa. Þá bendum við á Hjálparsíma Rauða Krossins 1717 og netspjall á www.1717.is og á www.112.is.

Þá bendum við á að á öllum hvílir tilkynningarskylda til barnaverndar ef ástæða er til að ætla að barn verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Í sameiningu getum við stuðlað að öruggara samfélagi og aukinni farsæld. Við hvetjum ykkur til að hafa samband við skólann ef einhverjar spurningar vakna.

Kær kveðja,
Steinn Jóhannsson
Rektor

Dear parents/guardians.

Concerns about the enhanced carrying of weapons and violence among children and young people in Iceland have been growing, and recent serious incidents in our society have fueled that fear. It is important to respond to the situation.

Hamrahlíð Secondary School reiterates that carrying weapons in public is prohibited by law. If a student is found to be carrying a weapon, the matter will invariably be reported to the police and depending on the circumstances to child protection services in the case of a child being under the age of 18, and the parents will be contacted. Cases of violence that are possible to arise within the school or at events in its name will be put into an appropriate process and processed according to the school's response plan that can be found on the school's website, together with school rules, which we encourage parents and students to familiarize themselves with.

Certain factors are protective against children's risky behavior, such as parents and children being together, outdoor time being respected, that their internet use is monitored and even limited, that children are shown care and clear boundaries are set for them, and that parents know who their children's friends and their parents are. Furthermore, there is a great preventive value in the participation of children in organized sports and leisure activities, and it is important that parents are active participants in parenting activities.

It is important that parents take part in responding to this trend and do everything in their power to prevent violence and the carrying of weapons. Hamrahlid Secondary School encourages parents to talk to their children about how we can create a safer society together, i.e. on m. that it is illegal to walk around with a weapon, what the consequences of violence can be and to inform them where they can seek support.

Attention is also drawn to the fact that students and parents can seek support and advice within the school, such as from the school counsellors, the school psychologist, the school nurse, the equality and communication counsellor and administrators. Then we suggest the Red Cross helpline 1717 and online chat at www.1717.is and at www.112.is.

We also want to point out that everyone has an obligation to report to child protection services if there is reason to believe that a child will be subjected to violence or other disrespectful behavior or that their health and development will be in serious danger. Together we can contribute to a safer society and increased prosperity. We encourage you to contact the school if you have any questions.

Best regards,

Steinn Jóhannsson

Rector